

Stjórnarfundur Leiðsagnar – 3. Janúar 2024. Kl. 20:00

Mættir: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) starfandi formaður, Dóra Magnúsdóttir ritari (DM), Guðný Margrét Emilsdóttir gjaldkeri (GME), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ), Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ). Halldór Kolbeins og Jóhanna Magnúsdóttir komust ekki á fund. SAÁ er því aðalmaður í stað HK.

DM og GME voru á fjarfundi. Tæknilegir örðugleikar hjá GME, urðu þess valdandi að hún átti erfitt með að heyra í fundarmönnum. Þeir sem voru í sal heyrðu hins vegar vel í henni.

DM sagðist ekki geta verið ritari vegna þess að hún var með bilað lyklaborð. SSS bað HÞ að taka að sér fundarritun og hún samþykkti það.

SSS setur fund kl. 20:00.

Dagskrá fundar samkvæmt fundarboði:

1. Skipulagning auka-aðalfundar
2. Kjarasamningsviðræður / Fundur trúnaðarráðs
3. Styrkur úr Endurmenntunarsjóði: Faghandbók Jakob S. Jónsson
4. Erindi Sjúkrasjóðs
5. Önnur mál

1. Skipulag auka-aðalfundar: Senda þarf út formlegt fundarboð ásamt lagabreytingatillögum fyrir 15. Janúar. SSS hefur óskað eftir fundarstjóra frá ASÍ. Vantar að athuga með fundaritari. Búið að panta fundasalinn niðri á Stórhöfða.

DM spyr hvort og hvenær lagabreytingar verði teknar fyrir á stjórnarfundum. SAÁ sagði ekki rök fyrir því að gera það því stjórn á ekki að hafa skoðun á lagabreytingum.

2. Kjarasamningsviðræður/Fundur trúnaðarráðs. Verður rætt á fundi sem boðaður er 4. Janúar, segir SSS. Varðandi trúnaðarráð, segir SSS að ekki sé tímabært að boða hann fyrir en viðræðufundur er yfirstaðinn.

3. Styrkur úr Endurmenntunarsjóði: Faghandbók Jakob S. Jónsson. SSS segir ekkert að fréttu frá JSJ, hann hafi ekki skilað neinu inn. SSS mun senda tölvupóst á JSJ með beiðni um afurðina/faghandbókina. (Lokaskiladagur er liðinn). Rætt var um hvort hringja ætti í JSJ eða ekki. HÞ gerði athugasemd við það og taldi það óþarfa, í raun sé ekkert sem þarf að ræða fyrir en hann skilar inn afurðinni. SAÁ tekur undir það. DM vill hins vegar að JSJ verði kallaður á fund stjórnar til viðræðna. SSS segir að hann muni senda beiðni til JSJ um afurð og SAÁ og HÞ taka undir það.

4. Erindi Sjúkrasjóðs HÞ, les upp bókun, sem hún ásamt SSS, SAÁ lögðu fram – sjá viðhengi: bókun A, ásamt viðhengi: tölvupóstur: Málefni Sjúkrasjóðs. DM segir að eðlilegt sé að málið sé rætt sbr. póst frá henni fyrir í dag. Hér fyrir neðan er afritun úr pósti DM, sem sendur var á stjórnarliða kl. 17:48, 3. Janúar 2024.

„Varðandi 4. dagskrárlið tek ég undir þá gagnrýni sem fram hefur komið.

Bara það eitt að erindið er ekki frá sjúkrasjóði heldur einungis tveimur einstaklingum sem í stjórn hans sitja gera það að verkum að dagskrárliðurinn á ekki erindi á fund stjórnar LS.

Ekki ekki fyrr en erindið hefur fengið efnislega meðferð í stjórn sjóðsins og að þeir sem í erindinu eru bornir ásökunum hafa fengið tók á að svara fyrir sig. Þá er fyrst er eðlilegt að stjórnin taki fyrir erindi fyrir.

Legg eg því til að erindið verði fellt niður af dagskrá fundarins og tekið upp aftur eftir að hafa verið rætt innan stjórnar sjóðsins og þeir sem þar fengu gagnrýni hafa getað svarað henni.“

Eftirfarandi bókun frá GME, við lið 4 barst í tæka tíð:

„Undirrituð leggur áherslu á að andmælarétturinn hjá félagsmönnum og þeirra er gegna trúnaðarstörfum sé ávallt virtur og að málavextir þeirra er málið varða liggi ljóst fyrir áður en teknar séu afdrifaríkar ákvarðanir í málinu. Að sá er málið varðar fái að kynna sína hlið á málinu ávallt áður en málið fá frekari málsmeðferð.“

5. Önnur mál. SSS: ráðning starfsmanns.

Um fjöllum og bókanir ráðningu starfsmanns fellur undir trúnaðarmál og fer í trúnaðarmöppu.

Ekki var fjallað um fleira undir liðnum önnur mál en eftirfarandi bókun barst frá GM.

Bókun GME við lið 5:

„Undirrituð, tilkynnti SSS þann 3. janúar um morguninn þ.e. þann sama dag og stjórnarfundurinn fór fram að hún hefði beðið bóka Leiðsagnar um uppgjör allra sjóða félagsins þ.e. bæði Efnahags-og rekstrarreikninga sjóðanna þriggja (3). Bókarinn sagðist senda gjaldkera Leiðsagnar ársuppgjörið um miðjan janúar 2024.“

Fundi slitið kl. 20:48.

Þessari fundargerð fylgja:

- a. Bókun, sem lögð var fram og lesin upp á fundi af fundarritara.
- b. Afrit af tölvupósti frá tveimur stjórnarmönnum Sjúkrasjóðs, Vilborgu Önnu Björnsdóttur og Pétri Gauta Valgeirssyni.

Virðingarfyllst,

Hallfríður Þórarinsdóttir, ritari í forföllum Dóru Magnúsdóttur.

.....

Eftirfarandi bókanir bárust frá Dóru Magnúsdóttur kl. 21:16, 4.janúar þ.e. eftir að tilskilinn frestur var útrunninn:

Ritari leggur fram bókun undir lið 1:

1. Hafði Snorri Steinn sem tímabundið fyllir skarð formanns samráð við Jónu Fanneyju formann um að halda auka-aðalfund í lok janúar nk.? Sé svo ekki, efumst við stórlega um að hann hafi haft umboð til fundarboðunarinnar. Munum við því kanna lögmati þessa gjörnings.
2. Það er firra að halda því fram að stjórn félagsins eigi ekki að koma að lagabreytingum. Stjórnir félaga eiga og er þeim skylt að hafa skoðun á lögum félags, enda ber stjórn ber ábyrgð á þeim. Lög félagsins í núverandi mynd eru óskýr og gótótt, einnig stangast á við reglugerðir sjóða Leiðsagnar. Það að minnihlutinn hafi hér ekkert fram að færa á stjórnarfundum en boðar sem sem áður fund um lagabreytingarnar segir okkur það að bera á fram sömu lagabreytingar fyrrum ritara stjórnar sem vísað aðalfundar 3. maí sl.

3. Við teljum það afar ólýðræðislegt ef minnihlutinn ætlar að leggja reglugerð sjúkrasjóðs fram en henni var vísað frá aðalfundi í maí sl. vegna formgalla. Það er einkum tvennt sem sá formgalli byggir á: 1) Vafamál er hvort sjúkra- og orlofssjóður megi lagalega vera einn og sami sjóðurinn og 2) Engir langtímaútreikningar liggja fyrir varðandi útteilingu orlofsstyrkja til félagsmanna.

Dóra Magnúsdóttir, ritari

Kjarasamningsviðræður/Fundur trúnaðarráðs.

Ég tel það ámælisvert að setja mál á dagskrá stjórnarfundar án þess að fyrir liggi nýjar upplýsingar frá verktaka um stöðu verkefnisins. Endurmenntunarsjóður veitti formanni félagsins samningsumboð í þessu máli í sumar. Formaður gerði samning við verktaka í ágúst sl. og tókst með því að koma kolólögmætri úthlutun þáverandi stjórnar Endurmenntunarsjóðs frá árinu 2021 í farveg. Styrkveitingin nam kr. 1.800.000 sem er 3000% hærri upphæð en kveðið er á um í reglugerð sjóðsins (kr. 60.000).

Dóra Magnúsdóttir, ritari

Erindi Sjúkrasjóðs

Vill DM að eftirfarandi sé bókað:

- Formaður fór fram á það í tölvupósti til stjórnar nýverið að bréfi Vilborgar Önnu og Péturs Gauta yrði frestað og að innihald þess yrði rætt nánar en að það yrði ekki sent út án þess að hún fengi reist hönd yfir höfuð sér.
- Erindið sem hér liggur fyrir er ekki frá stjórn sjúkrasjóðs enda ekki lagt fyrir stjórn sjóðsins. Um er að ræða einkabréf tveggja aðila úr stjórn sjóðsins. Einkabréf eiga ekki heima á dagskrá stjórnar.
- Ásakanir á hendur formanni voru ekki bornar undir hana og því brýtur varaformaður hér með 13. og 14. gr. stjórnarsýslulaga um andmælarétt hennar.
- Það sýndi heiðvirði að öll stjórn sjúkrasjóðs tæki bréfið fyrir og boðaði formann á fund til að ræða þessar ávirðingar sem á hana eru bornar af tveimur einstaklingum.
- Því legg ég það til að erindið verði fellt niður af dagskrá stjórnar, enda stjórn ekki sæmandi að stunda slík vinnubrögð að taka einhliða bréf til umfjöllunar.

Dóra Magnúsdóttir lagði fram bókun við lið 5 Önnur mál. Þar var rætt um starfsmannamál og fer sú bókun ásamt öllu því er viðkemur lið 5 í trúnaðarmöppu.

Bókun DM

Ég óska eftir upplýsingum um hvernig innheimtu félagsgjalda miðar hjá varaformanni en skv. venju eru reikningar sendir út um þetta leyti. Einnig óskum við upplýsinga um hvort búið sé að semja við Smart Solutions vegna rafrænna skírteina 2024 og hvenær félagsmenn megi vænta þess að fá send ný plas tskírteini Leiðsagnar á nýju ári?

Dóra Magnúsdóttir, ritari